



# Málefnavsamningur Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í Fjarðabyggð

-

**19. mars 2024**

Samfélagið í Fjarðabyggð hefur alla burði til frekari vaxtar. Metnaðarfull uppbyggingaráform kalla á sterka forystu og sóknarhug sveitarstjórnar. Meirihluti Sjálfstæðisflokkssins og Framsóknarflokkssins í Fjarðabyggð kemur til með að byggja á góðu samráði og samvinnu um aðgerðir í þágu Fjarðabyggðar með það forystu hlutverk að efla sveitarfélagið til framtíðar. Hagsmunir íbúa verða ávallt í forgrunni ákvarðana á vettvangi bæjarstjórnar hvort er til lengri eða skemmri tíma. Sérstaklega verður horft til eflingar samvinnu og samstarfs þvert á byggðarkjarna sveitarfélagsins og styrkingu fjárhagslegrar sjálfbærni þeirra svo Fjarðabyggð geti áfram eflst og dafnað. Forsenda framfara er traustur fjárhagur. Í krafti sterkrar fjárhagsstöðu getur Fjarðabyggð horft björtum augum til framtíðar með ábyrgum og traustum rekstri.

Þá munu flokkarnir halda áfram að leita allra leiða til styrkingar atvinnulífs og skapa grundvöll fyrir enn frekari fjölgun og fjölbreytileika í atvinnu. Tækifæri til atvinnu- og verðmætasköpunar eru til staðar. Fjárfestar með atvinnuskapandi hugmyndir horfa til þess hve vel sveitarfélagið er í stakk búið til að mæta slíkum áskorunum.

Þessu samhliða verður horft til þess að örva vaxandi byggingarmarkað í Fjarðabyggð til að tryggja nýjum íbúum húsnæði. Verndun öflugra inniviða sveitarfélagsins og gætt að fjölskyldumálum og leitað nýrra leiða til að nýta fjármagn sem sem nýtt er til málaflokka og um leið eft faglegt starf með nýjum leiðum.

Málefnasamningur meirihluta Sjálfstæðisflokkssins og Framsóknarflokkssins í Fjarðabyggð er metnaðarfullur og í takt við þau tækifæri til vaxtar sem Fjarðabyggð býr yfir. Að sama skapi er lýsir hann raunhæfum markmiðum að árangri á því tveggja ára tímabili sem er fram að næstu sveitarstjórarkosningum.

  
RS

## Verkaskipting meiri hlutans

- **Bæjarráð:**  
Formaður bæjarráðs - Sjálfstæðisflokkur
- **Bæjarstjórn:**  
Forseti bæjarstjórnar - Framsóknarflokkur
- **Stjórn Menningarstofu:**  
Formaður - Framsóknarflokkur
- **Skipulags- og framkvæmdaneftnd:**  
Formaður - Framsóknarflokkur
- **Hafnarstjórn:**  
Formaður - Sjálfstæðisflokkur
- **Fjölskyldunefnd:**  
Formaður – Sjálfstæðisflokkur
- **Bæjarstjóri:**  
Flokkarnir eru sammála um að Jóna Árný Þórðardóttir sitji sem bæjarstjóri út kjörtímabilið.

  
RS

## Traustur rekstur

- Lögð verður áhersla á hagræðingu í rekstri til að tryggja svigrúm til fjármögnunar grunnþjónustu.
- Kappkostað verður að horfa til forgangsröðunar verkefna og nýrra útfærslna í tengslum við starfsmannaveltu sveitarfélagsins.
- Félagsmálanefnd, fræðslunefnd og íþróttá- og tómstundanefnd verða sameinaðar í eina Fjölskyldunefnd. Nefndarmönnum verður fækkað úr sjö fulltrúum í fimm í Fjölskyldunefnd og Skipulags- og framkvæmdanefnd til að auka skilvirkni og rekstrarhagræði.
- Unnið verður að því að einfalda stjórnsýslu sveitarfélagsins og styrkja ferla til bættrar þjónustu við íbúa.
- Unnið verður að því að gera Fjarðabyggðarhafnir að sjálfstæðu félagi í eigu sveitarfélagsins. Gerð verður könnun þar sem greindir verða kostir þess og gallar ásamt nauðsynlegum aðgerðum að settu markmiði.
- Ráðist verður í átak að greina nýtingu fasteigna í eigu sveitarfélagsins með það fyrir augum að fækka þeim strax á núverandi ári.
- Aukin áhersla á forgangsröðun verkefna innan sveitarfélagsins, skilvirkara eftirlit með verkum verða innleidd. Rýnt verður í breytingar sem gerðar hafa verið á þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar síðustu ár. Á grundvelli þeirrar greiningar verði farið í endurskoðun starfseminnar.
- Innkaup sveitarfélagsins á vörum og þjónustu verða yfirfarin í hagkvæmnissjónarmiði.

## Atvinnumál og nýsköpun

- Áfram verður unnið að krafti í verkefnum tengdum Grænum Orkugarði í Fjarðabyggð og stefnt að því að sveitarfélagið verði ein af miðstöðvum orkuskipta á Íslandi.
- Stuðlað að klasasamstarfi milli sveitarfélagsins og atvinnulífis í Fjarðabyggð og komið á virkum samráðsvettvangi milli atvinnulífs og sveitarfélags í hagsmunamálum tengdum samfélagini.
- Áframhaldandi samstarfi við ferðaþjónustu til eflingar hennar sem ein atvinnustoða sveitarfélagsins. Lögð áhersla á uppbyggingu áfangastaða á völdum stöðum sem segulafl sveitarfélagsins.
- Sjá til þess að sveitarfélagið sé vel í stakk búið til þess að mæta uppbyggingarþörf atvinnulífsins hverju sinni.
- Lögð áhersla á eflingu landbúnaðar og dreifbýlis til framtíðar í Fjarðabyggð. Á næstu árum munu skapast fjölmörg sóknarfæri sem auka nýliðun og styrkja byggð í dreifbýli.

RS

## Gagnsæi, sýnileiki og samtal

- Opnari stjórnsýsla með aukinni upplýsingagjöf og aukinni eftirfylgni erinda.
- Innleidd verða fyrstu skref opins bókhalds sveitarfélagsins sem veitir betri yfirsýn yfir rekstur.
- Bæjarstjóri, formaður bæjarráðs og forseti bæjarstjórnar munu bjóða reglulega upp á viðtalstíma í öllum byggðakjörnum ásamt öðrum kjörnum fulltrúum. Þá verður boðið upp á reglulega viðtalstíma sviðsstjóra sveitarfélagsins, einnig í byggðarkjörnunum.
- Aukin samvinna og samstarf við ungmenna- og öldungaráð sveitarfélagsins í tengslum við vinnu nefnda þess.
- Komið verður á Fjölmennингarráði sem samráðsvettvangi bæjaryfirvalda með íbúum af erlendum uppruna. Mun ráðið funda reglulega með bæjarstjóra og bæjarráði. Þá verður ráðist í átask til að efla upplýsingagjöf til íbúa af erlendum uppruna um þjónustu sveitarfélagsins.

## Lífsgæði

- Menningarstarf verður eftt og meðal annars verður horft til endurskoðunar á úthlutun menningarstyrkja til að efla menningarþáttöku úr grasrotinni.
- Farið verður strax í að greina allar leiðir til að gera móttökustöðvar úrgangs að grenndarstöðvum með auknu aðgengi. Til að þetta gangi eftir verði skoðað framboð tæknilegra lausna.
- Hefja að nýju móttöku nýrra íbúa sveitarfélagsins kynningu á þjónustu þess.
- Áfram verður leitast leiða við að ljúka við ljósleiðaravæðingu í Fjarðabyggð.
- Einbreiðar brýr eru farartálmar í framþróun sveitarfélagsins og við það getur samfélagið ekki lengur unað. Verður sérstök áhersla lögð á að koma þessum mikilvægu framkvæmdum til aðgerða á grunni samgönguáætlunar Alþingis.
- Unnið verður að gerð göngu- og hjólastíga innan Fjarðabyggðar til að efla lýðheilsu og lífsgæði.
- Stuðlað verður að fjölgun hleðslustöðva í öllum byggðakjörnum.
- Hafin uppbygging Stríðsárasafnsins á núverandi safnasvæði í anda þeirrar sögu. Þá verður unnið að því að tengja söguna við bæinn og gera safnið sýnilegra. Áfram verður stutt við söfn í sveitarfélagini og skoðaðar leiðir til eflingar starfsemi þeirra.

ZJL  
RS

## Fræðslumál

- Leitað verði leiða til að auka sveigjanleika í dagvistun, draga úr álagi leikskóla, auðvelda mönnun og styrkja faglegt starf ennfrekar.
- Haldið verður áfram að vinna að úfærslum í skólaumhverfi Fjarðabyggðar með það fyrir augum að efla faglegt starf og styrkja umgjörð þess.
- Farsæld barna er í forgrunni aðgerða sveitarfélagsins í tengslum við málefni barna.

## Húsnæðismál

- Auka framboð fjölbreyttra lóða og efla samráð við húsbyggjendur með það að markmiði að ýta undir uppbyggingu í sveitarfélagini. Enda sýnir húsnæðisáætlun Fjarðabyggðar það vel að mikil þörf er á fjölbreyttu húsnæði í sveitarfélagini. Byggður verður búsetukjarni fyrir fatlað fólk til að efla þjónustu í þeim málaflokkki.
- Haldið verður áfram að efla og auka framboð íbúða í samstarfi við Bríet og Brák.
- Sveitarfélagið mun áfram leggja áherslu á að ofanflóðavörnum verði lokið sem fyrst í sveitarfélagini öllu enda slíkt mikið öryggismál. Fá verður frá Ofanflóðasjóði hönnun varnarmannvirkja við Grjótá sem fyrst til að hægt verði að ljúka við skipulagsgerð í miðbæ Eskifjarðar.

## Íþróttamál

- Hafnar verða framkvæmdir á uppgerð íþróttahúss Eskifjarðar árið 2024. Farið verður í hönnun og undirbúning til að hægt sé að hefjast handa á árinu 2025 með viðgerðir á húsinu til að taka það í notkun að nýju.
- Stigin verða fyrstu skref í einangrun og upphitum Fjarðabyggðarhallarinnar fyrir lok kjörtímabilsins og leitað verði nýrra leiða í tengslum við framkvæmdir og fjármögnun verkefnisins.
- Skoðað verður með útfærslur í tengslum við umgjörð íþróttu- og æskulýðsmála í Fjarðabyggð með það fyrir augum að efla það mikilvæga starf en um leið verði horft til hagræðingar í rekstri.
- Greindur verður rekstur Skíðasvæðisins í Oddskarði með það fyrir augum hvernig hægt sé að efla það til framtíðar. Leitað samráðs í því ferli við notendur og hagsmunaaðila og skoðaðir allir kostir.

RS

## Eldri borgarar

- Stuðla að samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, sem skilar sér í betri þjónustu og bættri líðan eldra fólks á grundvelli verkefnisins „Gott að eldast“. Miklir möguleikar eru í auknu samstarfi sveitarfélagsins og heilbrigðisyfirlanda á þeim vettvangi og kappkostað verði að flýta þeirri samvinnu.
- Fjölgja búsetakostum fyrir eldri borgara í samvinnu við byggingaraðila og leigufélög.

Ragnar Sigurðsson

Ragnar Sigurðsson

Oddviti Sjálfstæðisflokkssins

Jón Björn Hákonarson

Jón Björn Hákonarson

Oddviti Framsóknarflokkssins